

Velkomin í bókasafnið



© Myndir: Krstin Arngímsdóttir 2010

Í bókasafninu eru margar bækur.
Enginn getur lesið þær allar en allir geta lesið einhverja.
Það er mikilvægt að finna bók sem hentar.

Að velja bók

Skoðaðu bókina að innan.
Athugaðu hvernig þér líst á
lettrið. Það er ágætt að athuga
hvort stafirnir eru of litlir
eða of stórir. Sumir vilja
einnig að bækurnar séu ríkulega
myndskreyttar.
Öðrum stendur á sama.



Skoðaðu bókina að utan.
Lestu aftan á bókarkápuna. Þar eru oftast
nokkur orð um söguþráðinn. Kannski fjallar
bókin um eitthvað sem þér finnst gaman að.

Spyrðu bókavörðinn eða
skoðaðu veggspjald
Borgarbókasafns með
myndum af bókum síðasta árs.

Spyrðu vin eða vinkonu hvort
þau viti um skemmtilega bók.

Á www.borgarbokasafn.is er
hægt að fá margar góðar
hugmyndir um skemmtilegar
bækur til að lesa.

Bókasafnsskírteini

Allir geta fengið bókasafnsskírteini og það er ókeypis fyrir 17 ára og yngri. Það gildir í öllum söfnum Borgarbókasafns og í bókabílnum. Bókum og öðru sem fengið er að láni í einu safni má skila í hinum.



Taktu eftir

Lánaðu ekki öðrum skírteinið þitt, því þú berð ábyrgð á öllu sem lánað er á það.

Að fá lánað

Þú mátt hafa 15 bækur og diska að láni í einu. Taktu eftir mismunandi útlánstíma. Þú færð alltaf kvittun fyrir því sem þú tekur að láni og þar kemur síðasti skiladagur fram. Ef skilað er eftir þann tíma þarftu að borga sekt. Því skaltu gæta þess vel að skila á réttum tíma.

Hvar eru söfnin?

Aðalsafn, Tryggvagötu 15
Ársafn, Hraunbæ 119
Gerðubergssafn, Gerðubergi 3-5
Foldasafn í Grafarvogskirkju
Kringlusafn í Kringlunni
Seljasafn, Hólmaseli 4-6
Sólheimasafn, Sólheimum 27
Bókabíll: öll Reykjavík

Bókabíllinn stoppar víða. Það er gaman að koma inn í hann og gerðu það endilega næst þegar hann er í nágrenninu.

Á heimasíðu safnsins www.borgarbokasafn.is sérðu hvar bókabíllinn stoppar og hvenær söfnin eru opin.

